

# LANDSSAMBAND ÍSLENSKRA ÚTVEGSMANNA

THE FEDERATION OF ICELANDIC FISHING VESSEL OWNERS



HAFNARHVOLL VIÐ TRYGGVAGÓTU · P.O. BOX 893 · REYKJAVÍK · TEL. 354 1 29500 · TELEFAX 354 1 16056 · TELEX 2090 VESSEL IS

Alþingi,  
Fjárhags- og viðskiptanefnd,  
Neðri-deildar,  
Alþingishúsinu,  
Reykjavík.

*Alþingi*

Reykjavík, 7. marz 1991.

*Erindi nr. P 1131841*

*komudagur 11/13 1991*

Samtökunum hefur borizt til umsagnar frumvarp til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, 320 mál og frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl. 321. mál.


Samtökin hafa sérstaklega tekið til umfjöllunar 1. og 2. tölulið 4. gr. frumvarpsins, sem fjallar um fiskveiðar og fiskvinnslu. Fagna samtökin því að allur vafi sé tekin af því frá því sem nú er, sbr. lög nr. 33/1922 um rétt til fiskveiða í landhelgi, hverjir mega stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, þ.e. eingöngu Íslendingar og jafnframt að eignaraðild útlendinga á fiskiskipum sé óheimil með öllu.

Hvað síðar nefnda frumvarpið snertir, sem felur í sér nauðsynlegar breytingar á gildandi lögum í samræmi við fyrrnefnda frumvarpið, þá gera samtökin ekki athugasemdir við það, eins og áður gat.

Samtökin eru því samþykk báðum þessum frumvörpum án athugasemda.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands ísl. útvegsmanna

  
Jónas Haraldsson